

Reykjavík 24. nóvember 2008  
Fréttatilkynning frá Sambandi íslenskra sparisjóða



## **Ný stjórn kosin á aðalfundi Sambands íslenskra sparisjóða**

*Föstudaginn 21. nóvember fór aðalfundur Sambands íslenskra sparisjóða fram.  
Ný stjórn var kosin og er formaður hennar Geirmundur Kristinsson*

Aðalfundur Sambands íslenskra sparisjóða var með hefðbundnum hætti í ár en einkenndist vissulega af fjármálaástandinu í dag. Ný stjórn Sambandsins var kjörin og er formaður hennar Geirmundur Kristinsson sparisjóðsstjóri frá Sparisjóðnum í Keflavík. Aðrir stjórnarmenn eru: Ólafur Elísson Sparisjóði Vestmannaeyja, Ólafur Haraldsson SPRON, Ragnar Z. Guðjónsson Byr-sparisjóður og Vilhjálmur G. Pálsson Sparisjóði Norðfjarðar.

Allir sparisjóðir á Íslandi eiga aðild að Sambandi íslenskra sparisjóða (SÍSP) en það eru heildarsamtök sparisjóða sem standa m.a. vörð um hagsmuni þeirra gagnvart yfirvöldum og öðrum. Sjálfstætt reknir sparisjóðir á Íslandi eru í dag 11 talsins. Þá eru í heidina 63 útibú um allt land.

Sparisjóðirnir, ásamt dótturfyrirtækjum, mynda öflug þjónustufyrirtæki sem hafa umhyggju fyrir viðskiptavinum að leiðarljósi og stendur Samband íslenskra sparisjóða vörð um þá. Í því mikla moldviðri sem nú hefur þyrlast upp finna sparisjóðirnir fyrir velvild þjóðarinnar enda hafa þeir einir staðið af sér af sér óveðrið sem nú ríkir á fjármálamörkuðum.

Þó lausafjárstaða sparisjóðanna sé misjöfn og sumir sparisjóðir standi betur en aðrir er mikil eining um það í sparisjóðunum að halda ótrauðir áfram og verða með sterkari fjármálastofnunum landsins til hagsmuna fyrir viðskiptavinum og samfélagið í heild sinni. Sparisjóðirnir hafa ávallt látið sig nærsamfélagið varða og stutt við atvinnulíf, styrkt íþróttastarf, menningu, menntun og ýmis góðgerðarmál, hver í sínu héraði. Í heild hafa sparisjóðirnir lagt hlutfallslega meira til samfélagsins en aðrar fjármálastofnanir eða vel á þriðja hundrað milljónir árlega í þennan málaflokk.

Á fundinum fluttu Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ og Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri SA, ávörp.

**Nánari upplýsingar veitir Gísli Jafetsson, forstöðumaður markaðs- og fræðslusviðs SÍSP í síma 861-2220**